



Hluthafafundur Íslandsbanka hf.

19. janúar 2026

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. var haldinn á hótél Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, mánudaginn 19. janúar. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Fundurinn fór fram á íslensku en boðið var uppá túlkapjónustu á ensku.

Setning fundar

Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður Íslandsbanka, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna á hluthafafund bankans árið 2026.

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Linda Jónsdóttir stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að Áslaug Árnadóttir, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri. Aðrar tillögur komu ekki fram og og tók Áslaug til starfa. Áslaug gerði að tillögu sinni að Dagmar Clausen Þórðardóttir, forstöðumaður lögfræðisviði Íslandsbanka, yrði kosin fundarritari. Aðrar tillögur komu ekki fram og tók Dagmar til starfa.

b) Lögmæti fundar

Fundarstjóri fór yfir framkvæmd boðunar fundarins. Boðað var til þessa hluthafafundar með auglýsingu. Þann 22. desember sl. birtist auglýsing um fundinn í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans og þann 23. janúar s.l. í Morgunblaðinu. Boðað er til fundarins að kröfu hluthafa sem hafa yfir að ráða meira en 1/20 hlutafjár í bankanum, sem barst 8. desember 2025. Var fyrirvari á boðun fundarins nægilegur, í samræmi við ákvæði 88. gr. a í lögum um hlutafélög og samþykktir bankans.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan til að fjalla um og afgreiða þau málefni sem eru á dagskrá hans. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að upplýsingar um mætingu á fundinn yrðu veittar áður en fjallað yrði um dagskrárlið 2 á fundinum.

Dagskrá:

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Ávarp stjórnarformanns
2. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar
3. Önnur mál



Fundarstjóri greindi frá því að engar tilkynningar um önnu mál hafi verið sendar inn fyrir fundinn eins og fundargögn beri með sér og verði því engin önnur mál en greinir í dagskrá tekin til endanlegrar úrlausnar á fundinum.

1. Ávarp stjórnarformanns

Fráfarandi stjórnarformaður Íslandsbanka ávarpaði hluthafa og starfsfólk og þakkaði fyrir traust og samstarf á liðnum árum. Hún fór yfir helstu áskoranir sem bæði stjórn og bankinn stóð frammi fyrir þegar hún tók sæti í stjórn bankans og lagði áherslu á hvernig bættir stjórnarhættir, aukið gagnsæi og sterk samvinna hefðu endurheimt traust og styrkt rekstur bankans. Hún greindi frá helstu þáttum í nýrri stefnu bankans, Stefnuvitanum, sem snýr að fjárhagslegri heilsu viðskiptavina, aukinni sjálfvirknivæðingu og hagræðingu, og fjallaði jafnframt um traustan rekstur bankans, góða arðsemi og sterk eiginfjárlutföll. Þá ræddi hún framgang samrunaviðræðna við Skaga og þau vaxtartækifæri sem þær gætu skapað. Loks þakkaði hún samstarfi stjórnar, framkvæmdastjórnar og starfsfólks sérstaklega og lýsti fullvissu um bjarta framtíð bankans.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að mætt sé fyrir eigendur hlutafjár sem svarar til 46,02% heildarhlutafjár.

2. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar

Vaninn er að stjórn sé kjörin á aðalfundi og sitji fram að næsta aðalfundi.

Verður kjörtímabilið ekki stytt nema ákveðið sé á hluthafafundi að víkja stjórn frá störfum eða ef stjórn segir starfi sínu lausu.

Stjórn Íslandsbanka samþykkti það einróma á fundi sínum að boða til hluthafafundar þar sem fram færi kosning á stjórn, varastjórn og formanni stjórnar. Því hefur stjórnin í skilningi hlutafélagalaga skilað inn umboðinu og verður ný stjórn, varamenn og formaður stjórnar kosin á þessum fundi.

Samkvæmt samþykktum bankans skuli stjórn félagsins skipuð sjö mönnum og tveimur varamönnum. Þá skuli hlutfall hvors kyns í stjórn og varastjórn ekki vera lægra en 40%. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega.

Því er fyrst kosin stjórn, síðan varastjórn og loks er formaður stjórnar kjörinn.

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skal tilnefningarnefnd vera starfandi í kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum.

Tilnefningarnefnd skal tilnefna einstaklinga til setu í stjórn fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Tilnefningarnefnd óskaði eftir framboðum til stjórnar með tilkynningu í upplýsingakerfi Nasdaq OMX Iceland og auglýsingu á vefsíðu bankans þann 15. desember 2025 og var frestur til að skila inn framboðum til 22. desember 2025.



Tilnefningarnefnd yfirfór framboðstilkynningar og lagði mat á frambjóðendur samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar. Í skýrslu nefndarinnar sem birt var þann 14. janúar 2026 gerði nefndin grein fyrir tilnefningum sínum og hvernig hún hagaði störfum sínum.

Það var þó hægt að bjóða sig fram þó að viðkomandi hafi ekki hlotið náð fyrir augum tilnefningarnefndar, en engin slík framboð bárust.

Þær upplýsingar sem veita á um frambjóðendur á grundvelli 63. gr. a í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 hafa verið birtar á heimasíðu bankans.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka leggur til að eftirtaldir sjö einstaklingar verði kjörnir í stjórn Íslandsbanka hf.

- Haukur Örn Birgisson
- Heiðar Guðjónsson
- Helga Hlín Hákonardóttir
- Margrét Pétursdóttir
- Stefán Pétursson
- Stefán Sigurðsson
- Valgerður Hrund Skúladóttir

Önnur framboð til stjórnar bankans komu ekki fram og eru framangreindir aðilar því rétt kjörnir í aðalstjórn bankans.

Tilnefningarnefnd leggur til að í varastjórn bankans verði kosin

- Herdís Gunnarsdóttir
- Magnús E. Björnsson

Önnur framboð til varastjórnar bankans komu ekki fram og eru framangreindir aðilar því rétt kjörnir í varastjórn bankans.

Tilnefningarnefnd leggur til að Heiðar Guðjónsson verði formaður stjórnar.

Önnur framboð til formanns stjórnar hafa ekki borist og er Heiðar Guðjónsson því rétt kjörinn stjórnarformaður Íslandsbanka.

Liggur þá fyrir hvernig stjórn og varastjórn bankans verða skipuð fram að næsta aðalfundi.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Ársæll Valfells, hluthafi, bar fram spurningu um skiptigengið í fyrirhuguðum samruna Íslandsbanka og Skaga, sem honum fannst óhagstætt fyrir hluthafa Íslandsbanka. Ársæll spurði hvort nýkjörin stjórn hefði einhver tæki og tól til þess að endurskoða þau verð sem liggja fyrir í viðskiptunum?



Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka, svaraði spurningunni og sagði það að ný stjórn hefði tæki og tól til að endurmeta samninginn. Það sé í höndum nýrrar stjórnar að taka afstöðu til þess hvort gengið verði frá samrunasamningi.

3. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Oddur Sigurðsson, starfsmaður Íslandsbanka og formaður starfsmannafélags Íslandsbanka, tók til máls og færði fráfarandi stjórnarmönnum þakkir. Bauð hann nýjum stjórnarformanni að hitta sig í kaffi til að fara yfir starfsmannamál og málefni starfsmannafélags bankans.

Heiðar Guðjónsson, nýkjörinn stjórnarformaður Íslandsbanka, tók til máls. Heiðar þakkaði hluthöfum fyrir traustið og sagði kjör sitt endurspegla endurnýjað umboð hluthafa eftir breytingar á hluthafahópnum. Þá skipti það máli fyrir starf tilnefningarnefndar að einróma stuðningur hafi verið fyrir nýrri stjórn. Hann lagði áherslu á að hann hygðist ekki vera í hlutverkinu til skamms tíma, heldur ætlaði sér að taka þátt til lengri tíma ef hluthafar treystu honum til þess. Að lokum þakkaði hann Lindu Jónsdóttur fyrir störf hennar fyrir bankann og lauk ræðu sinni með orðunum: „Áfram Íslandsbanki.“

Að lokum tók Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka, til máls, óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum, Agnari Tómasi Möller og Lindu Jónsdóttur, stjórnarformanni.

Fundurinn samþykkti ósk fundarstjóra um heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð eftir fundinn enda verði fundargerðin birt á heimasíðu bankans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:38

Fundarstjóri

Áslaug Árnadóttir hrl.

Fundarritari

Dagmar Clausen Þórðardóttir